



Félagsmálaráðuneytið

Skógarhlíð 6

105 Reykjavík

Mál: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um mannvirki nr. 160/2010 (flokkun mannvirkja og eftirlit með mannvirkjagerð)

Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) hefur tekið til skoðunar ofangreint mál sem birt var í Samráðsgátt stjórnvalda 30. apríl sl. Félagið lýsir sig sammála fyrirhuguðum breytingum þar sem markmiðið er að einfalda regluverk byggingarmála og auka skilvirkni.

Sérstaklega er jákvætt að eftirlit verður breytilegt eftir flokkun mannvirkja og rafræn stjórnslýsla eflid. Dæmi um það er rafræn skil á hönnunargögnum og rafrænar undirskriftir.

Verkfræðingafélag Íslands telur það framfaraspor að endurskoða faggildingarkröfu fyrir byggingarfulltrúaembætti sveitarfélaga og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Krafan um faggildingu hefur að mati margra, þ.m.t. sveitarfélaga, falið í sér kostnaðarauka. Útvistun verkefna til óháðra sérfræðinga, til dæmis verkfræðistofa, felur í sér mikið hagræði án þess að víkja frá kröfum um fagmennsku og gæði.

Reykjavík, 14. maí 2020.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.